

## Tillögur fyrir aðalfund 2021

### Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar

„Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2021 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2020 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.“

### Tillaga um endurskoðanda

„PwC var ráðið til tveggja ára árið 2020 og því er lagt til að þessi liður verði ekki á dagskrá.“

### Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til breytingar á Starfskjarastefnu samkvæmt meðfylgjandi skjali.

### Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar

„Laun til stjórnarmanna verði áfram 20% af efsta þrepi launaflokks 149 í launatöflu skrifstofufólks Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hvern mánuð að viðbættu orlofi, en 30% til formanns stjórnar. Varamenn í stjórn fái 20% af sama launaflokki að viðbættu orlofi fyrir hvern setinn fund. Laun aðalmanna eru því 128.018 kr. á mánuði en formaður fær 192.027 kr. á mánuði“.

### Tillögur um breytingar á samþykktum

Nýr 7. tl. 17. gr. en núverandi 7 tl. verður 8 tl.:

Að skipa tilnefningarnefnd fyrir aðalfund sem kallast Kjörnefnd.

### Tillögur um breytingar á samþykktum vegna Málsvarnarsjóðs

Breyting á 8. tl. 1. mgr. 11. gr. samþykktá hljóði svo:

Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra til viðbótar skilyrtum rétt til greiðslu úr Málsvarnarsjóði skv. 19. gr. og reglna Málsvarnarsjóðs settum af hluthafafundi félagsins.

Ný 19. gr., en núverandi 19. gr. verður 20. gr. o.sv.frv.:

Félagið skal setja á stofn Málsvarnarsjóð í eigu þess með framlagi að fjárhæð kr. 7.500.000 (sjö milljónir og fimmhundrað þúsund), á hverju ári í 10 ár og eftir það skal greitt það sem uppá vantar svo að verðmæti sjóðsins haldi í við hækkunar Launavísitölu á hverju ári, þó að hámarki 7,5 milljónir upp reiknað mv. núverandi launavísitölu (778,6). Framlagið skal greitt á sér merktan bankareikning.

Hlutverk Málsvarnarsjóðs er að greiða, í samræmi við reglur sjóðsins, málsvarnarkostnað þeirra sem gegna eða hafa gengt störfum stjórnarmanna (þ.m.t. varamanna) eða starfsmanna (þ.m.t. framkvæmdastjóra) að tilteknu hámarki vegna mála sem beint er að framangreindum aðilum vegna starfa þeirra hjá félaginu. Möguleiki á greiðslu málsvarnarkostnaðar takmarkast þó ávallt við fjármuni Málsvarnarsjóðsins.

Fjármunum Málsvarnarsjóðs skal eingöngu varið til greiðslu málsvarnarkostnaðar samkvæmt þeim reglum sem um sjóðinn gilda og skal greiðsla framkvæmd þegar þar til bær aðili samkvæmt reglum sjóðsins hefur tekið um það ákvörðun. Fjármunir Málsvarnarsjóðs skulu varðveittir í formi bankainnstæða eða traustra verðbréfa. Haldið skal sérstaklega utan um fjárhag sjóðsins í bókhaldi félagsins. Kostnað vegna umsýslu Málsvarnarsjóðs s.s. vegna fjárfestinga greiðir félagið.

Í sérstökum reglum um Málsvarnarsjóð skal nánar mælt fyrir um rétt til greiðslu málsvarnarkostnaðar, fjárhæðartakmarkanir á rétti til greiðslu málsvarnarkostnaðar, ferli við ákvörðun um greiðslu og skilyrði hennar, fjárfestingar fjármuna málsvarnarsjóðs og annað tengt starfrækslu sjóðsins. Reglur um Málsvarnarsjóðinn skulu settar af hluthafafundi og gilda um samþykki og breytingar á þeim sömu reglur og um breytingar á samþykktum þessum.